



Kvennasmiðjan

**Rannsókn á endurhæfingu fyrir einstæðar
mæður með langvarandi félagslegan vanda**

Kristín Lilja Diðriksdóttir

Ritröð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar

Annað hefti

Apríl 2009

© Kristín Lilja Diðriksdóttir 2009

Öll réttindi áskilin.

ISBN: 978-9979-9859-2-1

Útgefandi: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd (RBF)
Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Útgáfustaður: Reykjavík

Útgáfuár: 2009

Prentun: Háskólafjölritun

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósritun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Efnisyfirlit

Útdráttur	5
1 Inngangur.....	7
2 Markmið og aðferð	13
3 Niðurstöður.....	15
3.1 Lýsing á aðstæðum þátttakenda í Kvennasmiðjunni	15
3.2 Áhrif þátttöku á lífsgæði	19
3.3 Sjálfsmynd og uppeldisaðstæður.....	21
3.4 Skólaganga, heimilisaðstæður og stuðningur.....	22
3.5 Stuðningsleysi, veikindi og fátækt	23
3.6 Undirbúningur og stuðningur	25
3.7 Sjálfsmynd og lífsgæði eftir þátttöku í Kvennasmiðju	26
4 Samantekt og umræða	29
4.1 Hafa lífsgæði kvennanna aukist?.....	31
4.2 Hafa uppeldisaðstæður og lífssaga áhrif?.....	33
4.3 Uppfyllir Kvennasmiðjan markmið sín?	34
4.4 Vankantar Kvennasmiðjunnar og ábendingar um útbætur	35
Heimildir	39
Um ritröðina	44

Útdráttur

Hér verður fjallað um árangur af endurhæfingarúrræðinu Kvennasmiðjunni frá byrjun ársins 2001 til 2006. Kvennasmiðjan er samstarfsverkefni Velferðasviðs Reykjavíkurborgar og Tryggingastofnunar ríkisins. Það er fyrir einstæðar mæður á aldrinum 24-45 ára sem eiga við langvarandi félagslegan vanda að stríða og hafa átt erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði eða í skóla. Um áramótin 2006/2007 höfðu 69 konur, af þeim 116 konum sem hófu þátttöku, lokið henni. Árangur úrræðisins var metinn með því að leggja spurningalista fyrir allar þær konur sem lokið höfðu þátttöku og með því að taka persónuleg viðtöl við 10 konur úr þeim hópi og sem höfðu lokið þátttöku í Kvennasmiðjunni fyrir minnst einu ári síðan árið 2007/2008. Flestir þátttakendur töldu að lífsgæði sín hefðu aukist við þátttöku í endurhæfingunni. Markmiðið með rannsókninni er að kanna hvernig Kvennasmiðjan hefur nýst þátttakendum þegar til lengri tíma er litið og kanna stöðu og líðan þeirra kvenna sem lokið hafa endurhæfingunni. Einnig að skoða lífssögu og aðstæður kvennanna í uppvexti þeirra sem varpað gæti ljósi á ástæðuna fyrir þörf á þátttöku í slíku verkefni. Jafnframt að leggja mat á hvernig stuðningi við fyrrgreindan hóp væri sem best háttað. Niðurstöður sýna að verkefnið skilar árangri en að huga þurfi að eftirfylgd að endurhæfingu lokinni til að viðhalda þeim árangri.

Kristín Lilja Diðriksdóttir

1 Inngangur

Kvennasmiðjan er endurhæfingarúrræði á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í samstarfi við Tryggingastofnun ríkisins. Hér verður fjallað um árangur af úrræðinu, fræðileg sjónarhorn á félagslegum aðstæðum, sjálfsmynd, og helstu kenningar á þeim þáttum sem hafa áhrif á lífsgæði fólks. Niðurstöður byggja annars vegar á spurningakönnun sem lögð var fyrir allar þær konur sem höfðu lokið úrræðinu á tímabilinu 2001 til 2006 og hins vegar á öpunum viðtölum við 10 konur.

Kvennasmiðjan er fyrir einstæðar mæður sem hafa átt við langvarandi félagslega erfiðleika að stríða. Þær eiga það sameiginlegt að hafa gengið illa að fóta sig á vinnumarkaði og í námi vegna heilsufars- og/eða félagslegra aðstæðna. Markmið verkefnisins er að bæta lífsgæði þátttakenda og styðja þá til atvinnuþátttöku eða í frekara nám. Rannsókninni er ætlað að fá fram sjónarhorn þátttakenda á árangri af verkefninu, mat þeirra á framkvæmd og árangri út frá markmiðum þess. Sýn kvennanna á lífssögu þeirra, uppeldisaðstæður og hvað leiddi til þátttöku í úrræðinu.

Félagslegur vandi er oft á tíðum skilgreindur út frá heilsufari einstaklingsins og þá bæði sálrænni og líkamlegri líðan (Barlow og Durand, 1995). Vandasamar aðstæður geta átt upptök sín í umhverfinu eða innra með einstaklingnum sjálfum, það er persónulegum markmiðum, þörfum eða skuldbindingum (Haley, 1987). Skortur á veraldlegum gæðum er meðal annarra þátta sem talinn er falla undir félagslega erfiðleika. Einstaklingar sem lifa við bág kjör og hafa ekki nægjanleg bjargráð svo sem húsnæði og vinnu, lenda oft á tíðum í hringferli fátæktar og sjúkdóma. Samfélagsgerðin sem einstaklingurinn býr í hefur jafnframt áhrif á aðstæður hans. Hér er átt við opinberar stofnanir og þá ekki síst velferðarkerfið. Einstæðum mæðrum sem búa við skort og lítil félagsleg tengsl er hættara við að búa við langtíma félagslega erfiðleika. Þeir sem búa við skort verða

oft á tíðum fyrir meiri heilsuskerðingu snemma á lífsleiðinni sem gefur einnig vísbendingar um heilsufar þeirra síðar meir (Harpa Njálisdóttir, 1999; Harpa Njálisdóttir, 2003).

Sjálfsmynd tengist aðstæðum og ríkjandi hugmyndafræði hverju sinni. Einstaklingurinn mótar ímynd sína út frá samfélaginu og aðstæðunum sem hann býr við og í samskiptum við annað fólk (Jakob Smári, 1993). Hann tengir hana jafnframt við ákveðinn samfélagshóp sem verður hluti af sjálfsvitund hans. Samkvæmt þessu hafa félagslegar aðstæður og uppeldisaðstæður mikið að segja um sjálfsmynd einstaklingsins (Schieman, Nguyen og Elliott, 2003). Streita og erfiðleikar skerða oft á tíðum sjálfsmynd hans sem getur leitt til verri andlegrar líðan eins og depurðar (Luxton, Ingram og Wenzlaff, 2006).

Nauðsynlegt er að skoða skilgreiningu á lífsgæðum til að fá innsýn í sjónarhorn einstaklingsins og hvað hann telur meginkjarna í lífsgæðum sínum. Lífsgæði stjórnast af mörgum þáttum, svo sem félagslegum, persónubundnum og efnislegum þáttum. Hvernig einstaklingur skynjar lífsgæði sín fer eftir gildum samfélagsins og menningarlegu umhverfi. Einnig skipta máli markmið einstaklingsins, samfélagslegur mælikvarði og væntingar. Lífsgæði eru einnig mikilvæg fyrir félagsleg tengsl og sálrænt ástand (World Health Organisation, 2006; Námsmatsstofnun, 2007; Rapley, 2003).

Víða hafa verið gerðar rannsóknir á árangri af atvinnutengdum átaksverkefnum s.s. í Bandaríkjunum, Kanada, Evrópu, Ástralíu og Norðurlöndunum. Átaksverkefnin eru fyrir atvinnulausa einstaklinga með félagslegan vanda og hafa þann tilgang að draga úr atvinnuleysi. Meginmarkmið margra þróaðra landa með slíkum verkefnum hefur verið liður í baráttu þeirra gegn fátækt. Hugmyndafræðin að baki verkefnum er virk þátttaka á vinnumarkaði (Semslund, Hanson, Steiro, Johme, Dalsbö og Rud, 2006; Björn, Greedsen og Jensen, 2004). Sérstakur stuðningur hefur einnig verið veittur barnafjölskyldum sem hafa verið notendur félagslegrar þjónustu. Stuðningurinn felst í aðstoð við notandann sem miðar að því að koma

honum út á vinnumarkað eða hann verði virkur þátttakandi í vinnutengdum átaksverkefnum (Pavetti, Olson, Pindus, Pernas og Isaacs, 1996).

Rannsóknir á úrræðum og félagslegum stuðningi hafa sýnt fram á mikilvægi hans og menntunar fyrir einstæðar mæður. Félagslegur stuðningur er talinn hafa áhrif á virkni fjölskyldunnar, uppeldisaðstæður barna og sálfélagslega líðan þeirra. Einnig hefur komið fram í rannsóknum að fræðsla og ráðgjöf til foreldra, bæði í hópum og einstaklingsbundið, styrkir þá í uppeldishlutverkinu og bætir líðan allra fjölskyldumeðlima. Slíkur stuðningur getur aukið möguleika þátttakenda á að nýta sér önnur úrræði sem eru í boði og til virkari þátttöku þeirra í samfélaginu (Lipman og Boyl, 2005; Lipman, Boyl og Sher, 2003). Rannsókn á árangri af starfsendurhæfingu á vegum Tryggingastofnunar ríkisins (TR) árið 2000 sýndi að þar sem tekið er á líkamlegum og andlegum þáttum, skilar það góðum árangri. Starfsendurhæfing getur tekið langan tíma eða frá nokkrum mánuðum upp í eitt og hálf ár. Starfsendurhæfing á vegum TR fer fram hjá Hringsjá, Janus-endurhæfingu, Reykjalundi, Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík og hjá Vinnumálastofnun (Sigurður Torlacius, Gunnar Kr. Guðmundsson og Friðrik H. Jónsson, 2002).

Kvennasmiðjan byggir á hugmyndafræði endurhæfingar sem leggur áherslu á heildarsýn og heilbrigði. Slíkt endurspeglast í hæfni einstaklingsins til aðlögunar að umhverfi sínu. Endurhæfing nær til allra aðgerða sem miða að því að einstaklingurinn nái að öðlast, viðhalda og auka færni sína í daglegu lífi. Skilgreiningar á endurhæfingu leggja áherslu á mikilvægi félagslegra tengsla með aðkomu margra fagstétta (Hjördís Jónsdóttir, 2004; Turner-Stokes, Williams og Abraham, 2001).

Jafnframt byggir Kvennasmiðjan á hugmyndafræði lýðháskóla (d. Folkehøjskoler) og kvennadagsháskóla (d. Kvindedagshøjskoler). Í lýðháskólum er lögð áhersla á að einstaklingurinn þekki sögu þjóðar sinnar og að námsferlið sjálft hafi jafn mikla þýðingu og

Kristín Lilja Diðriksdóttir

námsgreinarnar sem eru kenndar. Í Kvennadagsháskólunum er lögð áhersla á gagnkvæma virðingu og sjálfsvirðingu í námi kvennanna. Einnig er litið svo á að sú reynsla sem konurnar koma með inn í námið sé mikilvægur þáttur og leitast er við að byggja á þeim styrkleikum sem þær búa yfir í stað þess gagnstæða (Hugmyndafræði lýðháskólanna, e.d.).

Kvennasmiðjan hóf göngu sína í apríl 2001. Sjö hópar höfðu lokið endurhæfingu í desember 2006. Í töflu 1 má sjá hversu margar konur útskrifuðust úr hverjum hópi fyrir sig af þeim sjö hópum sem rannsóknin nær til. Flestar konurnar útskrifuðust úr hópi 5 (19%) en fæstar úr hópi 6 (11%).

Tafla 1. Heildarfjöldi útskrifaðra úr hópi 1 til 7 eftir tímabilum

Hópar nr.	Upphaf endurhæfingar	Fjöldi í upphafi	Útskrift mánuður	Útskrift ár	Fjöldi útskrifaðra	Hlutfall
1	apríl 2001	17	september	2002	9	12,9
2	september 2001	17	febrúar	2003	9	12,9
3	september 2002	16	febrúar	2004	12	17,1
4	janúar 2003	16	júní	2004	10	14,3
5	september 2003	17	febrúar	2005	12	18,6
6	janúar 2004	17	júní	2005	8	11,4
7	janúar 2005	18	júní	2006	9	12,8
Alls		116			69	100,0

Unnið hefur verið að endurmati á starfsemi Kvennasmiðjunnar frá upphafi. Þrátt fyrir að haldið sé vel utan um mætingar kvennanna er mikið brottfall úr verkefninu þar sem aðeins um helmingur kvennanna ljúka endurhæfingunni (Anna María Jónsdóttir, 2003). Af þeim 116 sem hófu þátttöku höfðu 69 lokið Kvennasmiðjunni um áramótin 2006/2007. Staða kvennanna sem lokið hafa

Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduverd

Kvennasmiðjunn er misjöfn. Þær hafa farið í áframhaldandi nám, vinnu eða verið metnar til 75% örorku. Sumar þeirra þurfa áfram á fjárhagsaðstoð að halda. Niðurstöður fyrri matsrannsókna á Kvennasmiðjunn hafa sýnt að konurnar meta lífsgæði sín meiri en áður á meðan á þátttöku stendur, sjálfsmynd þeirra verður jákvæðari og möguleikar þeirra til þátttöku í atvinnulífi og samfélaginu verður betri eftir að hafa tekið þátt í Kvennasmiðjunn (Guðrún Reykdal, 2001-2005; Sigríður Jónsdóttir, 2006; Sóley Gréta Sveinsdóttir Morthens, 2006).

Endurhæfing einstæðra mæðra sem hafa átt við langtíma félagslega erfiðleika að stríða vakti athygli rannsakanda þar sem umræðan í samfélaginu undanfarin ár hefur snúist um mikilvægi þess að koma langtíma atvinnulausum einstæðum mæðrum út á vinnumarkaðinn og hafði það áhrif á val á rannsóknarefni. Rannsakandi er félagsráðgjafi og hefur unnið að málefnum einstæðra mæðra sem eiga við félagslega erfiðleika að stríða með fjölbreyttum hætti undanfarin 8 ár. Þar á meðal unnið með konum sem eiga við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða, við endurhæfingu á vegum félagsþjónustu, fjölskyldu- og uppeldisráðgjöf, félagslega ráðgjöf og vegna búsetuúrræða. Reynsla rannsakanda hefur því gefið innsýn inn í málefni þessa samfélagshóps og tilfinningu fyrir því hvað mætti betur fara.

Mikilvægt er að auka þekkingu á högum einstæðra mæðra í fyrrgreindri stöðu með það fyrir augum að nota hana til að bæta hag þeirra og barna þeirra. Með því að auka þekkingu á aðstæðum þessa samfélagshóps er hægt að öðlast betri skilning á þörfum hans og meta enn frekar hvort verið er að koma til móts við þarfir hans á viðunandi hátt og á réttum tíma.

Steinunni Hrafnadóttur dósent í félagsráðgjafardeild veitti fjölþætta aðstoð við góðar ábendingar og yfirlestur efnis, Jóhönnu Rósu Arnardóttur forstöðumanni RBF og Heiðu Björk Vigfúsdóttur verkefnisstjóra hjá RBF færi ég bestu þakkir fyrir leiðsögn meðan á vinnu ritraðarinnar stóð.

Kristín Lilja Diðriksdóttir

2 Markmið og aðferð

Helstu markmið rannsóknarinnar er að öðlast sem heildstæðasta mynd af lífshlaupi og aðstæðum einstæðra mæðra sem hafa átt við langvarandi félagslega erfiðleika að stríða. Einnig að auka þekkingu félagsráðgjafa á þeim skilningi sem einstæðar mæður í þessum aðstæðum hafa á lífi sínu fyrir og eftir endurhæfingu og koma viðhorfum þeirra á framfæri. Rannsókninni er jafnframt ætlað að meta árangur af Kvennasmiðjunni með því að kanna hvort lífsgæði kvennanna hafi aukist og því markmiði hafi verið náð að endurhæfa þær til atvinnuþátttöku eða náms. Einnig er kannað hvort lífssaga og uppeldisaðstæður hafi haft áhrif á þörf þeirra fyrir þátttöku í Kvennasmiðjunni.

Rannsóknaraðferðin byggir annars vegar á megindlegri aðferðafræði þar sem spurningalisti er lagður fyrir hóp þátttakenda og hins vegar eigindlegri aðferðafræði þar sem opin viðtöl voru tekin við 10 konur.

Spurningakönnun

Spurningalisti var lagður fyrir allar þær konur sem lokið höfðu þátttöku frá upphafi Kvennasmiðjunnar fram til desember 2006, eða 69 talsins. Spurt var um aldur, atvinnustöðu, hjúskaparstöðu, húsnæðisstöðu og fjölda barna. Einnig var spurt um áhrif af þátttöku þeirra í Kvennasmiðjunni á lífsgæði, möguleika til atvinnuþátttöku, fjárhagsstöðu, félagsleg tengsl, uppeldi og líðan barna þeirra, sjálfsmynd, fjölskyldutengsl og ýmsa aðra þætti sem konurnar vildu koma á framfæri um Kvennasmiðjuna. Alls svöruðu 64 konur spurningalistanum, úr hópi 1 til 7, eða 93% af öllum konunum í þýðinu. Það náðist ekki í þrjár konur og tvær neituðu að taka þátt (sjá ítarlegri lýsingu á aðferðafræðinni í Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2008a).

Viðtöl

Tekin voru opin viðtöl við 10 konur sem lokið höfðu þátttöku í Kvennasmiðjunni. Viðtölin auka skilning á hverju úrræðið skilaði til þessara einstaklinga. Hafa þarf þann fyrirvara við niðurstöður sem byggja á viðtölum að það er ekki hægt að alhæfa niðurstöður yfir á aðrar konur sem tóku þátt í úrræðinu. Við val á þátttakendum var haft í huga að hafa samband við konur sem höfðu lokið Kvennasmiðjunni fyrir minnst ári síðan árið 2007/2008. Einnig var leitast við að hafa konurnar úr mismunandi hópum svo það fengist fram meiri fjölbreytileiki milli einstaklinganna. Gagnaöflun fór fram með opnum viðtölum á heimilum viðmælenda. Þátttakendur voru spurðir um uppeldisaðstæður, fjölskyldutengsl og skólagöngu. Spurt var um sambúðar- og atvinnusögu og hvernig ferlið var, t.d. líðan fyrir þátttöku. Þeir voru einnig spurðir um stuðning frá félagsráðgjafa /ráðgjafa, viðhorf til verkefnisins. Einnig hvað varðar lífsgæði og sjálfsmynd að lokinni þátttöku. Jafnframt hvort settum markmiðum hafi verið náð. Hver áhrif þátttöku voru á fjölskylduumhverfi og hvernig viðkomandi finnst hann í stakk búinn til að takast á við lífið eftir þátttöku (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2008b).

Til þess að halda trúnaði við þátttakendur hefur þess verið vandlega gætt að ekki komi fram upplýsingar sem gera þátttakendur þekktanlega.

Nokkrir vankantar eru á eigindlegu rannsókninni þar sem einungis er rætt við tíu konur sem er lítið úrtak. Sá hluti rannsóknarinnar er því fyrst og fremst lýsandi fyrir aðstæður og líðan þeirra kvenna. Niðurstöður spurningakönnunar nær til 93% kvenna sem lokið höfðu þátttöku og ætti að gefa góða mynd af viðhorfi kvennanna til þeirra þátta sem spurt var um þar.

Margir þættir koma fram í rannsókninni sem ekki eru gerð skil hér eins og markmiðssetning þátttakenda og líðan meðan á endurhæfingu stóð. Jafnframt er ekki skoðað hvaða þættir endurhæfingarinnar hafi reynst þeim nýtilegastir.

3 Niðurstöður

Hér verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar. Í kafla 3.1 er þátttakendum í Kvennamiðjunni lýst og aðstæðum þeirra. Í kafla 3.2 er fjallað um áhrif Kvennasmiðjunnar á lífsgæði þátttakenda. Niðurstöður í fyrstu tveimur undirköflunum byggja að mestu á spurningakönnuninni en í síðari köflum á eigindlega hluta rannsóknarinnar. Í kafla 3.3 er fjallað um sjálfsmynd og uppeldis- aðstæður og í kafla 3.4 um stuðningsleysi, veikindi og fátækt. Í kafla 3.5 er fjallað um undirbúning og stuðning og að lokum um sjálfsmynd og lífsgæði eftir þátttöku í Kvennasmiðjunnar. Liður í að meta lífsgæði þátttakenda var að líta til sjálfsmyndar kvennanna fyrir þátttöku og þeirra eigin mat á lífsgæðum á þeim tíma. Í eigindlega hluta rannsóknarinnar var þetta gert með því að skoða lífssögu kvennanna sem tóku þátt í viðtölunum. Einnig var fengin fram upplifun þeirra á uppeldisskilyrðum og skólagöngu og hvernig þeim farnaðist á þeim tíma. Jafnframt var leitast við að skoða hvernig aðstæður kvennanna voru fyrir þátttöku eins og atvinnusaga og sambúðarform. Konurnar skýra einnig frá aðdraganda að þátttöku í endurhæfingunni og hvernig sjálfsmynd og staða þeirra er þegar viðtalið er tekið.

3.1 Lýsing á aðstæðum þátttakenda í Kvennasmiðjunni

Alls svöruðu 64 konur spurningakönnun sem lögð var fyrir eða 93% þeirra sem höfðu lokið þátttöku á þeim tíma sem þessi rannsókn nær til. Jafnframt voru tekin viðtöl við 10 konur af 69 eða 14% þeirra sem höfðu lokið þátttöku í Kvennasmiðjunni fyrir minnst einu ári síðan árið 2007/2008.

Eins og fram kemur í töflu 2 þá eru flestar kvennanna sem lokið hafa endurhæfingunni á aldrinum 30-39 ára (66%) en færstar á aldrinum 40-49 ára (14%). Flestar kvennanna sem taka þátt í

Kristín Lilja Diðriksdóttir

endurhæfingarúrræðinu eru um þrítugt eða á fertugsaldri þó hefur það aukist síðustu ár að yngri konur séu teknar inn í Kvennasmiðjuna (Fundargerðir stýrihóps, 2001-2005).

Tafla 2. Aldur kvennanna sem lokið hafa endurhæfingu

	Fjöldi	Hlutfall
20-29 ára	14	20,0
30-39 ára	45	66,0
40-49 ára	10	14,3
Alls	69	100,0

Konurnar sem tóku þátt í Kvennasmiðjunni höfðu allar átt við langtíma félagslega erfiðleika að stríða, þ.á.m. húsnæðisleysi. Um tvær af hverjum þremur konum áttu ekki eigið húsnæði en þriðjungur var í eigin húsnæði (sjá töflu 3).

Tafla 3. Húsnæðisaðstæður í lok ársins 2007

	Fjöldi	Hlutfall
Eigið húsnæði	21	32,8
Leiguhúsnæði á almennum markaði	9	14,1
Félagslegt leiguhúsnæði	34	53,1
Alls	64	100,0

Þessar niðurstöður vekja athygli enda er staða þeirra sem hefja endurhæfingu í Kvennasmiðjunni venjulega sú að þær búa í óöruggu leiguhúsnæði, inn á ættingjum eða í félagsleguhúsnæði (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2008b).

Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduverd

Flestar kvennanna sem lokið höfðu þátttöku og svöruðu spurningakönnun áttu 2 börn, eða 38%. Ein kona átti flest börn eða sjö talsins (sjá töflu 4). Samtals áttu konurnar 135 börn. Hér er miðað við þann fjölda barna sem konurnar áttu þegar könnunin fór fram. Sumar konurnar höfðu eignast börn eftir að þær útskrifuðust og hafa 14 börn bæst við hópinn en upphaflegur fjöldi barna var 121 barn á 64 konur þegar þær voru þátttakendur í Kvennasmiðjunni.

Tafla 4. Fjöldi barna á hverja móður

	Fjöldi mæðra	Hlutfall
Eitt barn	6	9,4
Tvö börn	24	37,5
Þrjú börn	16	25,0
Fjögur börn	7	10,9
Fimm börn	8	12,5
Sex börn	2	3,1
Sjö börn	1	1,6
Alls	64	100,0

Samtals áttu konurnar 135 börn

Að lokinni endurhæfingu er markmiðið að styrkja þátttakendur til atvinnuþátttöku eða til frekara náms. Í töflu 5 má sjá atvinnustöðu kvennanna að lokinni Kvennasmiðju.

Tafla 5. Atvinnustaða að lokinni Kvennasmiðju

	Fjöldi	Hlutfall
Í vinnu	20	31,3
Heimavinnandi	1	1,6
Nemi	3	4,7
Öryrki ekki í námi/vinnu	15	23,4
Öryrki í námi	14	21,9
Öryrki í vinnu	9	14,1
Annað	2	3,1
Alls	64	100,0

Flestar konurnar voru skráðar 75% öryrkjar þ.e. 38 (59%) þeirra. Af þeim voru 14 í námi (22%) og 9 í vinnu (14%). Kona sem lýkur Kvennasmiðjunni getur fengið áframhaldandi endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og farið í frekara nám ef hún hefur stundað endurhæfinguna vel og skilað viðunandi mætingu. Endurtekin endurhæfing getur numið allt að 18 mánuðum (Fundargerðir stýrihóps, 2001-2005). Tæplega helmingur kvennanna var í vinnu og um fjórðungur í námi. Þær fengu allar fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg þegar þær hófu þátttöku í Kvennasmiðjunni.

Það vekur athygli hvernig konurnar lýsa aðstæðum sínum í viðtölum en þær höfðu allar að baki sögu um langtíma atvinnuleysi, eða frá tveimur til fjögurra ára, vegna veikinda og félagslegra erfiðleika. Flestar kvennanna höfðu þjáðst af þunglyndi og þrjár höfðu átt við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða. Þrjár voru einnig með vefjagigt og bakmein. Fjórar þeirra þjáðust af kvíða ásamt fyrrgreindum þáttum. Einungis ein kvennanna hafði ekki átt við veikindi að stríða samfara erfiðum félagslegum aðstæðum.

Allar konurnar sem tóku þátt í viðtölunum áttu einhverja sögu á vinnumarkaði og sumar höfðu reynt að bæta við sig námi eftir

grunnskóla. Þrjár kvennanna höfðu einungis unnið tímabundið og verið á bótum utan þess tíma sem þær voru í sambúð með barnsfeðrum sínum ýmist vegna þess að þær voru í fæðingarorlofi eða treystu á framfærslu barnsföður. Fimm þeirra höfðu unnið við ýmis störf og stoppað stutt á hverjum stað. Ein kvennanna hafði unnið mjög mikið alveg frá barnsaldri. Hún hafði verið sjálfstæður atvinnurekandi um tíma og unnið hjá ýmsum þjónustustofnunum. Hún átti sögu um að vera í tveimur eða fleiri vinnum á sama tíma.

Þegar menntun kvennanna var skoðuð höfðu níu einungis lokið grunnskólaprófi og ein stúdentsprófi. Þrjár konur höfðu lokið sérreittindanámi, ein hafði lokið námi í nuddskóla, ein hafði meiraprófsréttindi og fengið sérreittindi sem starfsmaður Pósts og síma og ein hafði réttindi sem ritari. Ekki lá fyrir yfirlit yfir menntunarstöðu allra 69 kvennanna áður en þær hófu þátttöku í endurhæfingunni.

3.2 Áhrif þátttöku á lífsgæði

Konurnar sem tóku þátt í könnuninni voru beðnar um að meta áhrif þátttöku í Kvennasmiðjunni. Í töflu 6 má sjá mat svarenda á áhrifum Kvennasmiðjunnar á lífsgæði þeirra. Þær voru einnig beðnar um að meta hvort þær teldu að lífsgæði þeirra væru meiri eða minni en þau voru áður en þær tóku þátt í Kvennasmiðjunni.

Mikill meirihluti kvennanna töldu að lífsgæði sín væru betri eftir þátttöku í Kvennasmiðjunni eða 92%. Ein kona sagði lífsgæði sín minni en tók jafnframt fram að það tengdist ekki Kvennasmiðjunni. Markmið Kvennasmiðjunnar felur í sér að styðja þátttakendur út á vinnumarkað eða í frekara nám. Konurnar voru spurðar hvort þátttaka þeirra hafi breytt einhverju um möguleika þeirra á atvinnuþátttöku. Meirihluti kvennanna töldu að þátttaka þeirra hafi gefið þeim meiri möguleika til atvinnuþátttöku eða 69% þeirra. Ein sagði að hún hefði minni möguleika á að fara út á vinnumarkað nú en tók jafnframt fram að það tengdist ekki Kvennasmiðjunni.

Tafla 6. Mat svarenda á áhrifum Kvennasmiðjunnar á lífsgæði

	Betra ástand %	Hvorki né %	Verra ástand %	Fjöldi
Lífsgæði	92,2	6,3	1,6	64
Atvinnumöguleikar	68,7	29,7	1,6	64
Félagsleg tengsl	75,0	23,4	1,6	64
Sem uppalandi	82,0	14,0	0,4	64
Líðan barna	89,1	10,9	0,0	64
Sjálfsmynd	93,7	4,7	1,6	64
Tengsl við fjölskyldu	51,6	45,3	3,1	64

Konurnar sem tóku þátt í átaksverkefninu höfðu allar átt við félagslega og/eða heilsufarslega erfiðleika að stríða. Þær höfðu verið félagslega einangraðar vegna aðstæðna sinna. Líður í endurhæfingunni er að rjúfa félagslega einangrun og bæta félagsleg tengsl. Konurnar voru spurðar að því hvort þátttaka þeirra í Kvennasmiðjunni hafi breytt einhverju varðandi félagsleg tengsl þeirra. Um 75% þeirra sögðu að félagsleg tengsl þeirra væru betri eftir þátttökuna. Ein sagði þau verri. Einnig voru konurnar spurðar að því hvort þær teldu að þátttaka í Kvennasmiðjunni hafi breytt einhverju fyrir þær sem uppalendur barna sinna. Flestar þeirra töldu sig betri uppalendur (82%) nú eftir þátttöku. Jafnframt voru konurnar beðnar um að meta hvort þátttaka þeirra hafi breytt einhverju varðandi líðan barna þeirra, 89% töldu að líðan barnanna væri betri (sjá töflu 6).

Lögð er mikil áhersla á sjálfsstyrkingu í Kvennasmiðjunni þar sem unnið er að því að bæta sjálfsmynd þátttakenda. Konurnar voru spurðar að því hvort þátttaka þeirra í Kvennasmiðjunni hafi breytt einhverju varðandi sjálfsmynd þeirra. Um 94% kvennanna töldu að sjálfsmynd þeirra væri frekar eða mikið betri, af þeim voru það 66% (42) sem sögðu hana mikið betri.

Konurnar voru spurðar hvort þær teldu tengsl sín við fjölskyldu sína betri eða verri en þau voru áður en þær tóku þátt í Kvennasmiðjunni. Um 52% kvennanna töldu tengslin við fjölskylduna betri, 45% hvorki betri né verri og 3% töldu tengslin vera frekar verri nú en fyrir þátttöku í Kvennasmiðjunni.

Niðurstöður benda því til að þátttakendur voru almennt ánægðir með endurhæfinguna í Kvennasmiðjunni. Við fyrirlögn könnunarinnar á Kvennasmiðjunni gafst konunum einnig tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum og eigin mati á endurhæfingunni í heild sinni. Konurnar töldu að Kvennasmiðjan væri mjög þarft verkefni og það hafi verið einstakt tækifæri fyrir þær og hjálpað þeim út í samfélagið. Konurnar sem tóku þátt í spurningarkönnuninni voru sammála um að Kvennasmiðjan hafi verið leið fyrir þær út í samfélagið þ.e. í nám og/eða vinnu. Einnig töldu 28% kvenna að sjálfstyrkingin sem átti sér stað meðan endurhæfingin fór fram hafi verið þeim mikilvægust og skilað mestu þegar til lengri tíma er litið.

Það voru 12 konur (19%) sem töldu að þær hefðu þurft frekari stuðning eftir að Kvennasmiðjunni lauk. Þær konur voru sjálfar allar 75% öryrkjar og ekki í vinnu eða skóla (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2008a).

3.3 Sjálfsmýnd og uppeldisaðstæður

Viðmælendur í eigindlega hluta rannsóknarinnar höfðu allir skerta sjálfsmýnd í æsku og sem uppkomnar konur. Sá þáttur sem hafði hvað mest áhrif á mótun sjálfsmýndar þeirra og lífshlaup voru heimilisaðstæður þeirra í æsku. Konurnar upplifðu sig öðruvísi eða fundu til skammar að eigin mati. Aðstæður þeirra einkenndust af ofbeldi, höfnun, vanrækslu, óreglu foreldra og/eða veikinda, skort á stuðningi. Flestar konurnar ólust upp á heimili þar sem annað foreldrið var í óreglu eða fimm þeirra. Einnig voru það fimm af konunum sem ólust upp við ofbeldi og tvær við veikindi foreldra.

Viðmælendur í rannsókninni upplifðu sig frábrugðna öðrum. Þeir höfðu skömm á þeim aðstæðum sem þeir bjuggu við sem börn og á

sjálfum sér. Þegar ástandið varð opinbert fannst þeim það skammarlegt eða niðurlægjandi.

Níu kvennanna upplifðu andlegt og líkamlegt ofbeldi annað hvort sjálfar af hendi foreldris eða á milli foreldra og sumar hvoru tveggja. Þær upplifðu hræðslu, óöryggi og skömm vegna þessa og aðstæður þeirra voru öðruvísi en annarra í umhverfi þeirra.

Samkvæmt Ihinger (1995) hafa margir þættir áhrif á lífsgæði foreldra og barna þeirra. Þegar fjölskyldumeðlimur er þunglyndur, seinfær eða á við geðræna eða líkamlega erfiðleika að stríða hefur það áhrif á lífsgæði fjölskyldunnar. Hæfni til að hafa stjórn á eigin aðstæðum eykur velfarnað foreldra og stuðlar að vellíðan fjölskyldunnar. Lífsgæði kvennanna hafa samkvæmt þessu verið lituð af aðstæðum foreldra þeirra sem áttu við ýmiskonar erfiðleika að stríða, eins og áður hefur komið fram (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2008b).

3.4 Skólaganga, heimilisaðstæður og stuðningur

Skólaganga viðmælenda var yfirleitt erfið þar sem þeir fengu hvorki þann stuðning sem þeir þurftu heima fyrir né frá menntakerfinu. Fimm af tíu viðmælendum áttu við námserfiðleika að stríða og áttu í erfiðleikum með að fóta sig í skóla vegna stuðningsleysis. Helmingur þeirra töldu sig hafa verið góða námsmenn en stuðninginn hafi vantað til að þeir hefðu spjarað sig í námi. Samfara erfiðum heimilisaðstæðum og námserfiðleikum upplifðu konurnar sig annars flokks.

Flestir þátttakendur áttu það sameiginlegt að hafa farið í sambönd og átt börn mjög ungar. Konurnar voru farnar að heiman um 16 ára vegna erfiðra heimilisaðstæðna. Þær voru flestar komnar í sambúð fyrir tvítugt, þrjár þeirra þegar þær voru 16 ára, tvær 17 ára, tvær 18 ára og tvær 19 ára. Ein þeirra hefur aldrei verið í sambúð. Sex kvennanna eiga fleiri en eina sambúð að baki. Fjórar þeirra eiga tvær sambúðir að baki, tvær þrjár og þrjár eina sambúð. Líf þeirra flestra sem ungra kvenna hefur einkennst af tíðum makaskiptum.

Átta kvennanna ólust upp við líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi inni á heimilum sínum ýmist sjálfar af hendi foreldra eða þeirra á milli. Sumar kvennanna fóru sjálfar í sambúð sem einkenndist af ofbeldi af hendi maka. Þátttakendur áttu það allir sameiginlegt að eiga að baki erfiða sambúð með sambýlismönnum sínum. Ýmist einkenndust þær af ofbeldi eða þær upplíðu þá öðruvísi eða annars flokks einstaklinga (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2008b).

Þessar niðurstöður samræmast kenningum sem fjalla um mikilvægi menntastofnana þegar kemur að lífsgæðum barna og fjölskyldna þeirra (Ihinger, 1995; Ross og Willigen, 1997) og samræmast kenningum um lífsgæði félagslegra tengsla einstæðra foreldra (Ihinger, 1995). Hér er átt við tengsl við stórfjölskyldu og stuðning veittan af vinum, ættingjum og fyrrverandi mökum. Þær skortir félagsleg tengsl við stórfjölskyldu sína og fyrrum maka. Samansafn margra þátta hefur því haft margþætt áhrif á lífsgæði kvennanna, svo sem skert sjálfsmynd, stuðningsleysi ættingja og menntakerfisins ásamt erfiðleikum í sambúð eða sambandslit.

3.5 Stuðningsleysi, veikindi og fátækt

Lítill stuðningur frá barnsfeðrum, ættingjum og hinu opinbera hefur gert konunum erfitt fyrir að fóta sig á vinnumarkaði. Það sem einkenndi alla þátttakendur sem rætt var við er að þeir lifa við fátækt. Tíðir búferlaflutningar og vinnuskipti einkenna einnig líf þeirra. Þær áttu það allar sameiginlegt að á vissum tímum höfðu þær ekki frekari úrræði til að komast af nema með aðstoð hins opinbera.

Flestar kvennanna höfðu að eigin sögn misst andlega og/eða líkamlega heilsu vegna aðstæðna sinna. Þær þjáðust af þunglyndi og kvíða. Þær lifðu allar við fátækt og áttu í erfiðleikum með að framfleyta sér og börnum sínum. Þær höfðu allar verið atvinnulausar frá tveimur árum upp í fimm ár og á framfærslu hjá félagsþjónustu Reykjavíkur.

Eins og áður hefur komið fram búa konurnar sem þátt tóku í rannsókninni við skert lífsgæði. Ef aðstæður þeirra eru skoðaðar

samkvæmt skilgreiningu Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO, 2006) á lífsgæðum þá eru lífsgæði talin mikilvæg fyrir félagsleg tengsl einstaklingsins og líkamlegt og/eða sálrænt ástand hans. Þau eru talin varða meðal annars dagleg viðfangsefni, tómstundir og heimilisaðstæður. Allir fyrrnefndir þættir virðast hafa samverkandi áhrif á hvernig konurnar upplifa sjálfan sig og umhverfi sitt. Þegar horft er til fyrrgreindra þátta í aðstæðum kvennanna þá eru þeir allir skertir og draga þar með verulega úr lífsgæðum þeirra.

Flestar kvennanna sögðust hafa misst andlega og líkamlega heilsu vegna aðstæðna sinna. Þær lifðu við atvinnuleysi, fátækt og þjáðust af kvíða og þunglyndi. Þær áttu í erfiðleikum með að framfleyta sér og börnum sínum. Aðstæður þeirra samræmast kenningum um félagsleg áhrif á heilsu samkvæmt Ihinger (1995). Þar er vísað til þátta eins og menningarlegra viðmiðana og gilda, heilsufars fjölskyldumeðlima, félagslegra og lýðfræðilegra þátta, einstaklingsbundna persónuþátta, félagslegs stuðningsnets og opinberra stofnanna. Fyrrgreindir þættir hafa áhrif á lífsgæði fjölskyldna einstæðra foreldra þar sem fjárhagsleg-, félagsleg- og heilsufarsleg staða þeirra er talin mun slakari en þeirra sem eru giftir eða í sambúð. Þar við bætast færri möguleikar til að afla sér viðurværis vegna skorts á atvinnutækifærum sem fela í sér góð laun, vegna skorts á reynslu eða menntun eða tækifærum til að afla sér menntunar?.

Þegar komnir eru saman tveir þættir félagslegra erfiðleika sem einkennir konurnar í rannsókninni eins og fátækt og fjölskyldugerð einstæðs foreldris leiðir það til þess að fjölskyldur hafa færri úrræði til að takast á við allt annað mótlæti sem verður á vegi þeirra. Það ýtir þeim yfir þröskuld sem leiðir til viðvarandi fátæktar. Afleiðingin verður að fátækar einstæðar mæður sjá ekki önnur úrræði en að treysta á félagslega kerfið (Musick og Mare, 2006). Sú varð raunin hjá konunum, sem luku Kvennasmiðjunni og sem rætt var við, þar sem þær leituðu allar til félagslegra kerfisins þegar öll önnur úrræði þrotu (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2008b).

3.6 Undirbúningur og stuðningur

Liður í að þátttakendur fari í Kvennamiðjuna felst í aðkomu félagsráðgjafa/ ráðgjafa inn á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur. Félagsráðgjafi/ráðgjafi leggur til umsækjanda, skoðar félags sögu hans og metur hvort viðkomandi fellur í þann hóp sem úrræðið er ætlað fyrir. Venjulega hefur umsækjandi verið hjá félagsráðgjafa/ráðgjafa um nokkurn tíma þegar að umsókn kemur. Í sumum tilfellum hafa þátttakendur verið undirbúnir fyrir þátttöku með því að vera í reglulegum viðtölum eða fara á sjálfsstyrkingarnámskeið. Þessi vinnuregla hefur þó ekki verið samræmd milli þjónustumiðstöðva heldur farið að mestu eftir stefnu inn á hverri þjónustumiðstöð fyrir sig.

Konurnar töluðu um mismunandi undirbúning fyrir þátttöku í endurhæfingunni. Sumar höfðu engan undirbúning fengið en aðrar töluðu um góðan undirbúning og að verkefnið hefði verið vel kynnt fyrir þeim. Átta kvennanna nefndu að þær hefðu fengið góðan undirbúning og stuðning fyrir þátttöku en tvær að það hafi verið tilviljunum háð að þær komust inn í Kvennasmiðjuna.

Endurhæfing í Kvennasmiðju hefst með undirbúningi hjá félagsráðgjafa hjá þjónustumiðstöð Velferðarsviðs Reykjavíkur sem er í raun upphaf hennar. Samkvæmt skilgreiningu WHO á hugmyndafræði endurhæfingar snýst hún um að einstaklingur sem nýtur hennar nái aftur sem bestri andlegri, líkamlegri og félagslegri færni og í henni felast öll þau úrræði sem miða að því marki að draga úr áhrifum fötlunar og þeim hindrunum sem hún felur í sér (Stefnumótun endurhæfingar, 1999; The International Classification of Functioning (ICF), e.d.). Svo virðist sem í upphafi hafi verið brotalöm á undirbúningi og stuðningi við sumar konurnar þegar þær voru að hefja endurhæfinguna. Meirihluti þeirra talaði þó um góðan undirbúning sem er mikilvægt þar sem endurhæfing samkvæmt hugmyndafræðinni nær til allra aðgerða og íhlutunar sem miða að því að einstaklingurinn nái að auka, viðhalda eða öðlast færni til að lifa og starfa.

Mismunandi er hvernig undirbúningi kvenna fyrir þátttöku er háttað hjá þjónustumiðstöðvum. Hefur það komið niður á sumum kvennanna sem rætt var við þar sem að þær höfðu ekki fengið undirbúning og fræðslu fyrir þátttöku. Því má segja að þær konur hafi í raun misst af hluta endurhæfingarinnar. Markmið með undirbúningi er að undirbúa konurnar fyrir endurhæfinguna og taka á vandanum þar sem hann er mest aðkallandi svo hægt sé að vinna að frekari markmiðum og ná enn meiri árangri (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2008b).

3.7 Sjálfsmýnd og lífsgæði eftir þátttöku í Kvennasmiðju

Flestar konurnar upplifðu aukið sjálfstraust eftir þátttöku í Kvennasmiðjunni. Fimm þeirra höfðu ýmist farið í skóla eftir þátttöku eða út á vinnumarkaðinn. Einungis ein kona talaði um að þátttakan hefði ekki breytt líðan sinni eða aðstæðum. Hún var metinn 65% öryrki eftir að hún hafði lokið Kvennasmiðjunni og aðstæður hennar voru að öðru leyti þær sömu og áður en hún tók þátt í úrræðinu. Níu af tíu konum upplifðu að þær fengju þann stuðning og fræðslu sem þær skorti í uppvextinum og sem ungar mæður í Kvennasmiðjunni.

Allar konurnar voru með skerta sjálfsmýnd fyrir þátttöku í endurhæfingunni. Flestar kvennanna fundu fyrir breyttri stöðu innan stórfjölskyldu sinnar og í samfélaginu eftir þátttöku, eða átta af tíu. Þær voru í meiri og betri samskiptum við marga ættingja sína. Einnig töluðu flestar konurnar um mikilvægi þess að vera ekki lengur inni í opinbera kerfinu, eða átta af tíu.

Níu af hverjum tíu konum töldu að lífsgæði þeirra væru meiri nú en fyrir þátttöku í endurhæfingunni. Sama viðhorf kemur fram í spurningakönnun sem lögð var fyrir 64 þátttakendur. Í viðtölunum nefndu þær fyrst og fremst að bætt sjálfsmýnd hafi haft jákvæð áhrif á stöðu þeirra í samfélaginu (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2008a og 2008b). Hugmyndafræði endurhæfingar hefur því skilað sér til þeirra þar sem þær töluðu um sig sem virkari þegna í samfélaginu

(Stefnumótun endurhæfingar, 1999; The International Classification of Functioning (ICF), e.d.).

Félagsleg tengsl kvennanna í rannsókninni hafa einnig batnað. Þær töluðu flestar um bætt samskipti við vini og ættingja. Eins og komið hefur fram hjá Ihinger (1995) eru félagsleg tengsl einn þáttur sem er mikilvægur í lífsgæðum fjölskyldna einstæðra foreldra. Stuðningur sem veittur er stórfjölskyldu og vinum er mikilvægur í velfarnaði þeirra. Aukið sjálfsmat kvenna hefur áhrif á samþykki þeirra fyrir veittum félagslegum stuðningi. Samkvæmt skilgreiningu Schieman, Nguyen og Elliott (2003) tengist sjálfsmynd aðstæðum og ríkjandi hugmyndafræði.

Flestar konurnar töluðu um mikilvægi þess að vera ekki lengur með stuðning frá félagslega kerfinu. Samkvæmt kenningum um lífsgæði eru opinberar stofnanir og velferðarkerfið mikilvægur þáttur í velfarnaði einstæðra foreldra (Ihinger, 1995). Bætt sjálfsmynd kvennanna og betri vitund um stöðu sína í samfélaginu virðist hafa haft áhrif á viðhorf þeirra til aðstoðar frá velferðarkerfinu. Bætt sjálfsmynd kvennanna virðist leiða til þess að konurnar hafna því að vera notendur velferðarkerfisins. Það má finna samræmi milli þessa þátta og ógnunaráhrifa sem mæld voru í rannsókn sem gerð var af Björn, Greedsen og Jensen (2004) á árangri af átaksverkefnum fyrir atvinnulausa. Fyrir suma einstaklinga virkar þátttaka sem hvatning til að fara þegar í vinnu eða nám í stað þess að taka þátt í fleiri átaksverkefnum eða vera notendur velferðarkerfisins.

Ein kvennanna hafði ekki upplifað neina breytingu á sínum högum eftir að þátttöku lauk. Hér er aftur komið að undirbúningi fyrir endurhæfingu og mikilvægi þess að hafa í huga þær hindranir sem geta staðið í vegi fyrir því að einstaklingur geti nýtt sér úrræðið. Hindranir sem konurnar geta staðið frammi fyrir geta verið af ýmsum toga. Samkvæmt Pavetti, Olson, Pindus, Pernas og Isaacs (1996) veltur möguleiki fjölskyldna til að ná árangri á hæfni þeirra til að nýta sér þann stuðning sem þeim stendur til boða sem leið til að sigrast á eða læra að takast á við þær hindranir sem þær standa

Kristín Lilja Diðriksdóttir

frammi fyrir. Hér getur verið um að ræða námsörðugleika, misnotkun vímuefna, þunglyndi, líkamlegar eða geðrænar fatlanir og ofbeldi, s.s. líkamlegt, kynferðislegt eða heimilisofbeldi. Það reyndist einnig oft á tíðum erfitt fyrir þær konur sem rætt var við í þessari rannsókn að axla foreldrahlutverkið (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2008b).

Mikilvægt er að byrja á byrjuninni við upphaf endurhæfingar og haga undirbúningi í samræmi við þarfir einstaklingsins eða fjölskyldunnar svo árangur megi verða sem bestur.

4 Samantekt og umræða

Rannsókn þessi fjallar um endurhæfingarúrræðið Kvennasmiðjuna. Markmið rannsóknarinnar er að skoða reynslu af endurhæfingu einstæðra kvenna sem hefur gengið illa að fóta sig á vinnumarkaði og í námi vegna félags- og/eða heilsufarslegra aðstæðna. Jafnframt að skoða félagssögu fyrrum þátttakenda, s.s. uppeldisaðstæður, fjölskyldutengsl, skólagöngu, sambúðar- og atvinnusögu og hvaða aðstæður leiddu til þátttöku í endurhæfingarúrræðinu. Kvennasmiðjan er þróunarverkefni sem sniðið hefur verið að þörfum áður nefnds hóps. Verkefnið miðar að því að bæta lífsgæði þátttakenda og styðja þá út á vinnumarkað eða í frekara nám. Konurnar sem taka þátt í Kvennasmiðjunni eiga það allar sameiginlegt að hafa átt við langvarandi félagslega erfiðleika að stríða. Þær hafa verið notendur félagslegrar þjónustu oft til margra ára vegna félagslegs-, fjárhagslegs- og tilfinningalegs vanda. Flestar konurnar sem lokið höfðu Kvennasmiðjunni áttu það sameiginlegt að finnast lífsgæði þeirra meiri en fyrir þátttöku auk þess sem sjálfsmynd þeirra var betri og samskiptin í fjölskyldunni höfðu batnað til muna.

Könnunin sem gerð var á líðan og aðstæðum 64 kvenna sem lokið hafa endurhæfingarúrræðinu Kvennasmiðjunni fyrir meira en ári síðan varpar nokkru ljósi á þau áhrif sem konurnar telja að endurhæfingin hafi haft á líf þeirra og stöðu eins og hún er í dag. Konurnar meta lífsgæði sín nú mun betri, sjálfsmynd er jákvæðari og möguleiki þeirra til þátttöku í atvinnulífi og samfélaginu betri nú en áður. Samkvæmt þeim niðurstöðum hefur endurhæfingin haft mjög jákvæð áhrif á líf nær allra kvennanna.

Meirihluti kvennanna eru í vinnu eða skóla og það vekur athygli að allar konurnar sem eru í námi telja lífsgæði sín meiri nú en áður. Mikið brottfall er úr hópum Kvennasmiðjunnar þar sem einungis 59% þeirra kvenna sem innrituðust á tímabilinu luku úrræðinu (sjá töflu 1). Ýmsar ástæður geta verið fyrir brottfallinu svo sem

barneignir eða að endurhæfingin hentaði þeim ekki. Í viðtalsrannsókninni kemur fram að sjaldgæft er að endurhæfingin henti ekki þar sem slíkt átti aðeins við hjá einni konunni. Hún sagði að engar breytingar hafi orðið á líðan hennar og aðstæðum við þátttöku þó að bakgrunnur hennar virðist vera sami og hinna kvennanna. Eins og fram kemur í töflu 2 þá eru margar þessara kvenna 75% öryrkjar sem hvorki stunda vinnu eða nám. Rannsóknin bendir til að sá hópur þurfi frekari stuðning að Kvennasmiðjunni lokinni (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2008a).

Margar kenningar og skilgreiningar eru fyrir hendi um lífsgæði. Hér verður stuðst við algilt líkan af lífsgæðum. Lífsgæði einstaklingsins stjórnast af mörgum þáttum. Má þar nefna efnislega, persónubundna og félagslega þætti. Menningarlegt umhverfi og gildi samfélagsins hafa áhrif á hvernig einstaklingurinn skynjar lífsgæði sín. Markmið einstaklingsins, samfélagslegur mælikvarði og væntingar skipta einnig máli (Rapley, 2003).

Ekki er hægt að fjalla um lífsgæði fólks án þess að fjalla um félagslega erfiðleika, áhrif þeirra á líðan fólks og hugmyndafræðina sem þar liggur að baki. Félagslegur vandi er oft á tíðum skilgreindur út frá heilsufari fólks, bæði andlegu og líkamlegu. Skortur á efnislegum gæðum svo sem fjármagni og húsnæði er liður í félagslegum erfiðleikum. Samfélagsgerðin hefur jafnframt áhrif á stöðu fólks í slíkum aðstæðum. Fer það þá eftir því hvernig opinberar stofnanir mæta þörfum einstaklinga sem búa við skort, veikindi eða úrræðaleysi til að takast á við streituvalda í samfélaginu (Rúnar Vilhjálmsson, 1987). Samfélagshópur eins og einstæðar mæður sem búa við skort og hafa lítil félagsleg tengsl eru líklegri en aðrir til að eiga við langvarandi félagslega erfiðleika og veikindi að stríða (Harpa Njálisdóttir, 2003).

Þegar litið er til rannsókna sem Semslund, Hanson, Steiro, Johme, Dalsbö og Rud (2006) gerðu á árangri af átaksverkefnum fyrir atvinnulausa einstaklinga með langvarandi félagslegan vanda þá hefur árangur verið frekar lítill þegar horft er til þess hve margir skila

sér út á vinnumarkað. Rannsóknin sýndi að tveimur árum eftir þátttöku í átaksverkefni hafði atvinnuþátttaka aukist úr 58% í 61%. Einnig sýndi hún fækkun notenda félagslegrar þjónustu úr 72% í 68%. Rannsóknin sýndi jafnframt fram á að áhrif af átaksverkefnum væri meiri fyrir karla en konur.

Ef lítið er til rannsókna á árangri á endurhæfingu fyrir einstæðar mæður sem eiga við langtíma félagslega erfiðleika þá hafa margir hópar verið starfræktir með þeim tilgangi að endurhæfa einstæðar mæður og gera þær virkari þátttakendur í samfélaginu. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið sýna fram á að fyrst eftir að hópastarfi lauk var líðan og sjálfsmat kvennanna mun betri en áður, en hafði ekki áhrif á félagslegan stuðning eða foreldrahlutverkið (Lipman og Boyd, 2005). Eftirfylgd er mikilvæg að lokinni endurhæfingu /íhlotun til að áhrif af meðferðinni skili sér til lengri tíma lítið. Einnig væri í því sambandi mikilvægt að kynna sér gagnsemi þeirra líkana sem til eru að slíkri íhlotun/endurhæfingu áður en farið er af stað með viðlíka úrræði. Endurhæfing fyrir þennan tiltekna hóp er einnig talin gagnlegri ef hún á sér stað úti í samfélaginu líkt og inn á almennum stofnunum svo sem félagsmiðstöðvum eða skólum heldur en hjá sértækum stofnunum eins og á heilbrigðisstofnunum.

4.1 Hafa lífsgæði kvennanna aukist?

Flestum kvennanna sem rætt var við fannst lífsgæði þeirra vera meiri eftir að þær luku þátttöku í endurhæfingunni. Níu af þeim tíu konum sem rætt var við höfðu upplifað mikla breytingu á högum sínum og þá fyrst og fremst bættu líðan og aukið sjálfsmat. Sama á við konurnar sem tóku þátt í spurningakönnun en þar voru það 60 (94%) sem töldu sjálfsmynd sína einnig mun betri nú en fyrir þátttöku. Þær töldu jafnframt að endurhæfingin hafi haft mjög jákvæð áhrif á líf þeirra þar sem 59 (92%) þeirra telja lífsgæði sín betri nú. Árangurinn sem konurnar hafa náð að eigin mati samræmist þáttum sem hugmyndafræði lýðháskólanna og kvennadagsháskólanna byggir á,

Þar sem m.a. er lögð áherslu á að byggja upp styrkleika og virðingu fyrir lífsreynslu viðkomandi. Konurnar sem rætt var við sögðust hafa bætt við sig þroska og fengið leiðréttingu á því sem upp á vantaði fyrr á lífsleiðinni. Flestar þeirra, eða nú, tala um breytta stöðu í samfélaginu og bætt samskipti við sína nánustu þar sem þær upplifa meiri virðingu af hendi þeirra. Einnig hafa flestar konurnar sem rætt var við fengið metnað fyrir því að standa á eigin fótum. Þær telja sig ekki þurfa á stuðningi hins opinbera að halda lengur og að nú sé staða þeirra þannig að þær séu færar um að sjá um sig og sína sjálfar. Af þessu sést hve stuðningur við einstaklinga í fyrrgreindum aðstæðum skilar miklu þó um stutt ferli sé að ræða.

Mat kvennanna á aðstæðum sínum samræmist niðurstöðum rannsóknar sem Lipman og Boyd (2005) gerðu á árangri af hópastarfi fyrir einstæðar mæður sem áttu við langvarandi félagslega erfiðleika að stríða. Rannsóknin sýndi að fyrst eftir að hópastarfi lauk var líðan og sjálfsmat kvennanna mun betri.

Þátttaka sumra kvennanna hefur haft mjög róttæk áhrif þar sem þær upplifa alveg nýjan sess í samfélaginu. Hún hafi gert þeim kleift að hefja nýtt líf þar sem þær hafa sagt skilið við opinbera þjónustu eins og þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur. Flestar konurnar upplifa veru sína í félagslega kerfinu sem stimplun. Þær hafa einnig flestar það markmið að komast út úr hinu opinbera kerfi og telja það lið í bættri sjálfsmynd og bættum lífsgæðum. Þær eru flestar í námi eða vinnu. Á þessu má sjá hversu mikilvægt það er að gera einstaklingum kleift að ná valdi á eigin lífi og aðstæðum. Valdefling einstaklingsins er því mikilvægur liður í að viðkomandi geti upplifað sig sem nýtan þjóðfélagsþegn en ekki sem einstakling sem sífellt þarf á stuðningi að halda og sé því hjálparlaus án kerfisins. Því er mikilvægt að ljúka endurhæfingu með þeim formerkjum að styðja konurnar til sjálfshjálpar og gera þeim þannig kleift að fóta sig sjálfar á vinnumarkaði eða í skóla.

4.2 Hafa uppeldisaðstæður og lífssaga áhrif?

Ein af rannsóknarspurningunum hér er hvort lífssaga og uppeldisaðstæður kvennanna hafi haft áhrif á þörf þeirra fyrir þátttöku í endurhæfingarverkefninu Kvennasmiðjunni.

Niðurstöðurnar úr eigindlegu rannsókninni endurspeгла fyrst og fremst sjónarhorn tíu fyrrum þátttakenda í Kvennasmiðjunni. Jafnframt hvernig lífshlaup þeirra mótaði sjálfsmynd þeirra og hefur leitt þær á þann stað sem þær voru fyrir þátttöku og hvernig þeim hefur vegnað að lokinni endurhæfingu. Félagslegar aðstæður kvennanna, þ.e. heimilisaðstæður og uppeldisskilyrði, hafa haft mikið að segja um hvernig lífshlaup þeirra hefur orðið. Foreldrar þeirra bjuggu við félagslega erfiðleika og samkvæmt skilgreiningum Ihinger (1995) eru það margir þættir sem hafa áhrif á lífsgæði foreldra og barna þeirra, s.s veikindi og óregla. Fyrirgreindir þættir hafa verið liður í að skapa konunum erfið uppeldisskilyrði. Á þessu má sjá að mikilvægt er að veita þeim foreldrum stuðning sem búa við slíkar aðstæður svo rjúfa megi hinn félagslega arf. Kvennasmiðjan er slíkt úrræði sem vonandi getur verið liður í að styðja við foreldri sem býr við félagslega eða heilsufarslega erfiðleika. Einnig er mikilvægt að beina sjónum að því að veita foreldrum við slíkar aðstæður nægilegan stuðning til þess að börn þeirra geti náð að upplifa sig jafnfætis öðrum börnum í samfélaginu svo að sjálfsmynd þeirra bíði ekki skaða.

Rannsóknin sýndi að allar konurnar lifðu við fátækt og bág kjör eftir að þær stofnuðu heimili. Líf þeirra snérist að mestu um að komast af með börn sín. Þær skorti þekkingu til að nýta sér þau úrræði sem stóðu til boða í samfélaginu vegna þeirra aðstæðna sem þær koma úr. Aðstæður þeirra samræmast kenningum um félagsleg áhrif á heilsu samkvæmt Ihinger (1995). Þar er vísað til þátta eins og menningarlegra viðmiða og gilda, heilsufars fjölskyldumeðlima, félagslegra og lýðfræðilegra þátta, einstaklingsbundinna persónuþátta, félagslegs stuðningsnets og opinberra stofnanna. Stuðningsleysi stórfjölskyldna og barnsfeðra kvennanna hafði hér

einnig mikið að segja. Sífelldir flutningar og tíð vinnuskipti ásamt litlum stuðningi frá samfélaginu leiddi til þess á endanum að þær misstu flestar heilsuna. Þær urðu óvinnufærar sem leiddi síðan til þess að þær þurftu að sækja um fjárhagsaðstoð til að framfleyta sér. Vegna langtíma atvinnuleysis og lágra bóta lentu þær síðan í víthring fátæktar sem jók enn frekar á vanlíðan þeirra. Þegar hér er komið við sögu grípur hið opinbera inn í og áður nefnd staða kvennanna varð síðan til þess að þær fara í endurhæfingu í Kvennasmiðjunni.

4.3 Uppfyllir Kvennasmiðjan markmið sín?

Ein af rannsóknarspurningum er hvort Kvennasmiðjan hafi náð markmiði sínu í að endurhæfa þátttakendur til atvinnuþátttöku og/eða náms.

Svo virðist sem Kvennasmiðjan nái markmiði sínu fyrir hluta þátttakenda en ekki alla. Eins og fram hefur komið nær stór hópur ekki að nýta sér endurhæfinguna og hættir þátttöku meðan á henni stendur, eða 40% þeirra. Það væri mikilvægt að fá fram sjónarhorn þeirra kvenna þar sem hægt væri að skoða hvað varð til þess að þær hættu þátttöku og hver sé staða þeirra í dag samanborið við stöðu þeirra sem luku endurhæfingunni. Vitað er að sumar kvennanna hættu þátttöku vegna þess að þær eignuðust börn á tímabilinu.

Sumar kvennanna sem ljúka endurhæfingu eru áfram notendur velferðarkerfisins og hverfa ekki til náms eða vinnu (Guðrún Reykdal, 2004). Einungis ein af konunum í rannsókninni tilheyrir þeim hópi og viðtal við eina konu gefur því ekki rétta mynd af fyrrgreindum hópi. Engar breytingar höfðu orðið á líðan hennar og aðstæðum við þátttöku þó að bakgrunnur hennar virðist vera sami og hinna kvennanna. Til að ná betri árangri gæti verið mikilvægt að geta greint betur fyrir þátttöku, aðstæður og þarfir einstaklinganna og þá hvort umrætt úrræði sé það sem hentar viðkomandi. Einnig væri mikilvægt að skoða stuðning hins opinbera eftir þátttöku, hvort um markvissa eftirfylgni hafi verið að ræða.

Liður í endurhæfingu Kvennasmiðunnar er markviss stuðningur og eftirfylgd hjá félagsráðgjafa/ráðgjafa, eins og áður hefur komið fram. Þeir eiga að fylgja þátttakanda eftir með stuðningsviðtölum einu sinni í mánuði eða oftari ef þurfa þykir. Stuðningur sem félagsráðgjafi/ráðgjafi á að veita þátttakanda felst í ýmis konar ráðgjöf og stuðningi sem bæði viðkemur hagnýtum atriðum og aðstoð við úrvinnslu tilfinninga. Þátttakendur fylla jafnframt út umsókn með félagsráðgjafa/ráðgjafa sem er í þremur liðum og tekur á markmiðum, tilgangi verkefnisins og áætlun, ásamt réttindum og skyldum umsækjanda og stofnananna sem koma að endurhæfingunni. Í upphafi gera þátttakendur einnig samkomulag um félagslega ráðgjöf. Í samkomulaginu koma fram markmið og leiðir að þeim. Samkomulagið nær einnig yfir það hvað muni taka við að endurhæfingu lokinni (Fundargerðir stýrihóps Kvennasmiðjunnar, 2001-2005; Anna María Jónsdóttir, 2003).

Niðurstöður hér sýna að sumar kvennanna upplifa markvissan og góðan stuðning frá félagsráðgjöfum/ráðgjöfum. Aðrar tala um ör mannaskipti og ómarkvissan stuðning. Misræmi virðist vera á milli þjónustumiðstöðva um hvernig staðið er að undirbúningi fyrir þátttöku í endurhæfingunni. Markviss og góður undirbúningur ásamt stuðningi er stórt atriði í að endurhæfingin skili sér til þátttakanda og auki lífsgæði þeirra eins og stefnt er að í upphafi.

4.4 Vankantar Kvennasmiðjunnar og ábendingar um úrbætur

Rannsóknin gefur til kynna að Kvennasmiðjan mæti ekki ákveðnum hópi þátttakanda þar sem mikið brottfall er úr úrræðinu. Mikilvægt væri að skoða stöðu allra þeirra sem hætt hafa þátttöku í endurhæfingarúrræðinu til að fá rétta mynd af stöðu þeirra í dag. Hversu margar kvennanna eru t.d. í vinnu, skóla eða á örorku. Jafnframt væri mikilvægt að fá fram mat þeirra á lífsgæðum fyrir þátttöku og nú. Sú aðferð gæti gefið réttari mynd af þörf á úrræði eða aðgerðum til að bæta aðstæður kvennanna og barna þeirra. Einnig

Kristín Lilja Diðriksdóttir

gætu slíkar upplýsingar gagnast svo ná megi betri árangri af endurhæfingunni og væri einnig liður í að útfæra endurhæfinguna frekar og þá eftirfylgd sem væri æskileg.

Mikilvægur liður í árangri er góður undirbúningur fyrir þátttöku og stuðningur meðan á henni stendur. Lítil undirbúningur og stuðningur fyrir Kvennasmiðju og meðan á henni stendur getur átt sinn þátt í að konurnar hætta þátttöku. Undirbúningur sem fælist í hópefli og sjálfstyrkingu samhliða stuðningsviðtölum hjá félagsráðgjafa gæti verið liður í markvissum undirbúningi fyrir þátttöku. Samræma þarf frekar hvernig undirbúningur á vali fer fram þar sem æskilegt væri að hafa einskonar forval í endurhæfinguna sem t.d. gæti falist í undirbúningsnámskeiði sem umsækjendum yrði boðið upp á. Síðan yrði valið inn í Kvennasmiðju þær konur sem væru taldar líklegastar til að geta nýtt sér úrræðið. Einnig væri mikilvægt að greina betur aðstæður hvernar konu og kanna nánar hvort viðkomandi úrræði sé það sem henti henni best. Slíkt væri hægt að gera með því að konurnar færu í nákvæma greiningu á líkamlegri, félagslegri og andlegri heilsu sem gæti gefið skýrari mynd af því hvaða úrræði hentaði þeim best. Við slíkt mat ættu að koma í ljós þeir þættir sem gætu staðið í vegi fyrir því að einstaklingur geti nýtt sér endurhæfingarúrræðið. Einnig gæti verið gott að endurtaka matið að lokinni endurhæfingu til að meta hvað gæti tekið við að henni lokinni svo sem skóli, vinna eða frekari endurhæfing. Markviss og góður stuðningur frá félagsráðgjafa er líka mjög mikilvægur. Auk eftirfylgdar að úrræðinu loknu og það þarf að samræma þá eftirfylgd milli þjónustumiðstöðva. Félagsráðgjafarnir eru venjulega þeir sem hafa heildarsýn á aðstæður kvennanna og eru því best til þess fallnir að meta þarfir þeirra og getu. Því er mikilvægt að það séu menntaðir félagsráðgjafar sem sinna ráðgjöf og stuðningi. Mikilvægt er að þeir sem sinna ráðgjafarstarfi hafi menntun við hæfi og búi yfir sömu færni og þekkingu og félagsráðgjafar.

Einnig væri fróðlegt að skoða frekar stöðu kvenna sem ekki hafa farið út á vinnumarkaðinn eða í frekara nám að lokinni

Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduverd

endurhæfingu. Mikilvægt er að fá fram þeirra sjónarhorn og mat á stöðu og lífsgæðum til samanburðar við þátttakendur þessarar rannsóknar til að læra af því hvað einkennir þeirra líf svo koma megi með þann stuðning sem hentar viðkomandi einstaklingi.

Heimildir

- Anna María Jónsdóttir. (2003). *Einstakt tækifæri: Úttekt á Kvennasmiðjunni*. Óbirt rannsóknarverkefni, lokaverkefni í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, Félagsvísindadeild.
- Aries, E. og Seider, M. (2007). The role of social class in the formation of identity: A Study of Public and Elite Private College Students. *The Journal of Social Psychology*, 147, 137-158.
- Bogdan, R.C. og Bilken, S.K. (2003). *Qualitative research in education: an introduction to theories and methods*. (4. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Barlow, D. og Durand V.M. (1995). *Abnormal psychology, an integrative approach*. Pacific Grove, CA: Brooks/Cole Publishing Company.
- Bjørn, N. H., Geerdsen, L. P. og Jensen, P. (2004). The threat of compulsory participation in active labour market programmes for unemployment. *Protocol. Campbell Review supported by SFI Campbell*. Sótt 15.apríl 2008 af <http://www.sfi.dk/graphics/Campbell/reviews/ALMPreview.pdf>
- Burton, J. B. og Hoobler J.M. (2006). Subordinate self-esteem and abusive supervision. *Journal of Managerial Issues*, 18, 340-357.
- Chang, E.C., D’Zurilla, T. J. og Sanna L. J. (2002). *Social problem solving. Theory, research, and training*. Washington: American Psychology Association.
- Drög að skýrslu um Kvennasmiðjuna 2003. Óútgefin gögn.
- Dunham, P.J., Hursman, A., Litwin, E. og Gusella, J. (1998). Computer-mediated social support: single mothers as model system. *American Journal of Community Psychology*, 26, 281-307.

Kristín Lilja Diðriksdóttir

- Guðrún Reykdal. (2001-2005). *Áfangamat*. Óútgefin gögn. Velferðarsvið Reykjavíkur.
- Haley, J. (1987). *Problem solving therapy*. (2. útgáfa). San Francisco: Jossey-Bass Publishers.
- Harpa Njálisdóttir. (1999). Starf mitt og kærleikspjónustan. *Kirkjuritið*, 2, 17-20.
- Harpa Njálisdóttir. (2003). *Fátækt á Íslandi, við upphaf nýrrar aldar: Hin dulda félagsgerð borgarasamfélagsins*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Harpa Njálisdóttir. (2003). Fátækt á Íslandi: Er öllum börnum tryggt félagslegt og efnahagslegt velferðaröryggi? Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum IV* (bls. 71-81). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Háskólaútgáfan.
- Hjördís Jónsdóttir. (2004). Reykjalundar endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS. *Öryrkjabandalagsblaðið* í sept. sótt 15.01.2007 af <http://www.reykjalundur.is/Reykjalundur/Starfsemin/>.
- Hugmyndafræði lýðháskólanna (e.d.). Sótt 17.9.2006 af http://www.ismennt.is/not/anno/skrif//stefnur_straumar/.
- Ihinger, T. M. (1995). Quality of life and well-being of single parent families: Disparate voices or a long overdue chorus? *Marriage & Family Review*, 20, 513-533.
- Ingólfur Sveinsson. (1998). Endurhæfing - hjálp til að verða sjálfbjarga. *Heilbrigðismál*, 4. sótt 15.01.2007 af <http://www.reykjalundur.is/Reykjalundur/Starfsemin/>.
- Jakob Smári. (1993). Hugmyndir fólks um sjálfan sig. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstjórar), *Íslenska sálfræðibókin* (bls. 471-478). Reykjavík: Mál og Menning.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks, CA: Sage.

- Kristín Lilja Diðriksdóttir. (2008a) *Kvennasmiðja, leið til aukinna lífsgæða; Áhrif endurhæfingar á einstæðar mæður með langvarandi félagslegan vanda.* Rannsóknarverkefni, Velferðarsvið Reykjavíkur.
- Kristín Lilja Diðriksdóttir. (2008b) *Kvennasmiðja: Áhrif endurhæfingar á einstæðar mæður með langvarandi félagslegan vanda.* MSW-ritgerð í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, Félagsvísindadeild.
- Lipman E.L. og Boyle, M.H. (2005). Social support and education groups for single mothers: a randomized controlled trial of community-based program. *Canadian Medical Association Journal*, 173, 1451-1456.
- Lipman E.L., Boyl, M.H. og Sher M.K. (2003). Real-life research. *The American Journal of Psychiatry*, 160, 405.
- Luxton, D.D., Ingram, R.E. og Wenzlaff, R.M. (2006). Uncertain self-esteem and future thinking in depression vulnerability. *Journal of Social and Clinical Psychology*, 25, 840-855.
- Musick, K., Mare, R.D. (2006). Recent trend in the inheritance of poverty and family structure. *Social Science Research*. 35, 471-499.
- Námsmatsstofnun. (2007). Upplýsingar um mælitækið. Sótt 9. ágúst 2007 af http://www.namsmat.is/vefur/stodlud_prof/heilsutengd_lif/uppl.html.
- Pavetti, L. D., Olson, K. K., Pindus, N. M., Pernas, M. og Isaacs, I. (1996). Designing Welfare-to-Work Programs for Families Facing Personal or Family Challenges. Lessons from the Field. *Urban Institute Publications*. Sótt 4. maí 2008 af <http://www.urban.org/url.cfm?ID=407338>
- Rapley, M. (2003). *Quality of life research: A critical introduction*. London: SAGE Publications.

- Ross, C.E. og Willigen, M.V. (1997). Education and the subjective quality of life. *Journal of Health and Social Behavior*, 38, 275-298.
- Rúnar Vilhjálmsson. (1987). Félagslegar og sálrænar ástæður þunglyndis, *Curator*, 1, 54-62.
- Schieman, S., Nguyen, K. og Elliot, D. (2003). Religiosity, socioeconomic status, and the sense of mastery. *Social Psychology Quarterly*, 66, 202-215.
- Sigríður Jónsdóttir. (2000). Vinnuendurhæfing- atvinnuleg endurhæfing, *SÍBS blaðið* 3. tbl. Sótt 7.07.2007 af <http://www.reykjalundur.is/Reykjalundur/Starfsemin/>.
- Sigríður Jónsdóttir. (2006). *Mat á Kvinnasmíðju 2001-2005*. Óútgefin gögn. Velferðarsvið Reykjavíkur.
- Sigurður Torlaciús, Gunnar Kr. Guðmundsson og Friðrik H. Jónsson. (2002). Starfshæfni eftir starfsendurhæfingu á vegum Tryggingastofnunar ríkisins. *Læknablaðið*, 88, 407-411.
- Smedslund, G., Hagen, B. K., Steiro, A., Johme, T., Dalsbø, T. K. og Rud, M. G. (2006). Work programmes for welfare recipient. *Campbell Review supported by SFI Campbell*. Sótt 10.apríl 2008 af <http://www.sfi.dk/graphics/Campbell/reviews/Geirs%20arbejdsmarkeds-review%20--%20%2013oct06.pdf>
- Sóley Gréta Sveinsdóttir Morthens. (2006). *Áfangamat á Kvinnasmíðju*. Óútgefin gögn. Velferðarsvið Reykjavíkur.
- Stefnumótun endurhæfingar. (1999). *Þverfaglegur vinnuhópur fagfólks í endurhæfingu á Reykjalundi*. Óútgefin gögn.
- Stefnumótun endurhæfingar – þverfagleg sýn. (1999). Skýrsla unnin af þverfaglegum vinnuhópi. Sótt 15.01.2007 af <http://www.reykjalundur.is/Reykjalundur/Starfsemin/>.

Taylor, S.J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and recourse* (3. útgáfa). New York: Wiley og Sons.

The International Classification of Functioning, Disability and Health (ICF) (e.d.). Sótt 26.07.2007 af http://www.connectingforhealth.nhs.uk/system_sandservices/data/clinicalcoding/classifications/icf.

Turner-Stokes, L., Williams, H. og Abraham, R. (2001). Clinical standards for specialist community rehabilitation service in the UK. *Clinical Rehabilitation*, 15, 611-623.

World Health Organisation. (2006). Sótt 15. nóvember 2006 af <http://www.int/evidence/assessment-instrument/gol/gll.htm>.

Wojciszke, B. og Struzynska-Kujakowicz, A. (2007). Power influences self-esteem. *Social Cognition*, 25, 472-495.